

**Ed.**

**629. Nefndarálit**

**[209. mál]**

um frv. til l. um sjómannadag.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fjórum fundum og fékk til viðtals fulltrúa frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegs-  
manna og Félagi kaupskipaútgerða.

Nefndin fékk einnig frá allsherjarnefnd til umfjöllunar frumvarp um frídag sjómanna, 3. mál. Bæði frumvörpin voru rædd í samhengi og gerðar breytingartillögur við stjórnar-  
frumvarpið sem fylgja á sérstöku þingskjali. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til sérstöðu varðandi einstakar greinar eða málslíði greina.

Alþingi, 17. febr. 1987.

Valdimar Indriðason,  
form., frsm.

Björn Dagbjartsson,  
fundaskr.

Skúli Alexandersson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Árni Johnsen.

Jón Kristjánsson.

Karl Steinar Guðnason.